

# 1. stjórnarfundur

## Forma 2012 – 2013

Dags. 25.okt. 2012

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

Mætt: Bryndís Arnarsdóttir, Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Guðný Rut Gunnlaugsdóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zóphóníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggisdóttir, Vilhjálmur G.Kristjánsson,

1. Fundarsetning.  
Herdís Zóphóníasdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
2. Farið var yfir helstu hlutverk og störf FORMA s.l. ár þar sem mannbreytingar hafa orðið í stjórn.
3. Valið í embætti og setu í nefndir.  
Sigrún Birna Sigtryggisdóttir formaður FORMA  
Eydís Valgarðsdóttir ritari  
Helena Sigurðardóttir verður fulltrúi í forvarnarnefnd  
Eyrún Skúladóttir verður fulltrúi í skólanefnd  
Sigrún Birna Sigtryggisdóttir verður fulltrúi í umverfisnefnd
4. Önnur mál.  
Rætt var um stærðfræðikennslu í MA og höfðu fundarmenn áhyggjur af fækkun stúlkna á stærðfræðibrautum. Töldu sumir að kennsluhættir ýttu undir vanmáttarkennd nemandans og að vel hæfir nemendur hreinlega misstu áhugann á stærðfræði fyrir vikið. Vilhjálmur og Sigrún Birna sögðu stærðfræðikennara hafa farið yfir sín mál í vor og því töldu fundarmenn eðllegt að sjá hverju fram vindur í vetur. Rætt var um busa/böðlapartý og ábyrgð 4.árs nema gagnvart ólögráða ungmennum þegar vín er haft um hönd. Ákveðið var að senda aftur út bréf til ábyrgðarmanna veislusala á Akureyri og nágrenni svipað og gert var í fyrra. Einnig var rætt um aðrar samkomur á vegum félaga skólans. Ákveðið var að funda með stjórn Hugins fljótlega og ræða þessi mál við þau. Rætt var um skálaferðir og menningarferð til Reykjavíkur. Þó almenn ánægja ríki með þessar ferðir meðal nemenda þá hafa kennarar gert athugasemdir við þær því þær trufla kennslu. Sú hugmynd var rædd að menningarferð yrði farin á vorönn og/eða að skálaferðir væru farnar á föstudegi til laugardags.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 17.40.

Næsti fundur verður 22.nóv. kl. 16.30 í Meistarastofu.

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.